




ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

Verkfræðistofa Guðmundar & Kristjáns hf.

FRUMÁÆTLUN UM FLUTNING JARÐVARMA FRÁ HÁHITASVÆÐUM

Áfangi 1: Gufu- og vatnslagnir

OS82076/JHD11
Reykjavík, ágúst 1982



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

**Verkfræðistofa Guðmundar & Kristjáns hf.
Laufásvegi 12, Reykjavík**

FRUMÁÆTLUN UM FLUTNING JARÐVARMA FRÁ HÁHITASVÆÐUM

Áfangi 1: Gufu- og vatnslagnir

**OS82076/JHD11
Reykjavík, ágúst 1982**

AGRIP

Skýrsla sú, sem hér fer á eftir, gerir grein fyrir tæknilegum forsendum og stofnkostnaði við flutning jarðvarmaorku, gufu eða vatni, langar vegalengdir (5-30 km) eftir stálpipulögnum ofan-jarðar.

Sett eru fram linurit yfir þrýstifall, varmatap, efnis- og uppsetningarkostnað.

Þessi skýrsluáfangi tekur fyrst og fremst til pipulagnanna sjálfra. Í síðari áföngum, sem vantanlegir eru innan tíðar, verður bætt við dælustöðvum (gufubjöppustöðvum) og einnig verður gerð heildaráætlun fyrir tilteknar flutningsleiðir. Verkefnið í heild er að öðru leyti skilgreint í inngangi hér á eftir.

Komist er að þeirri niðurstöðu, að flutningur jarðvarmaorku um langan veg sé tæknilega framkvæmanlegur og þarf það vist engum að koma á óvart, þegar um heitt vatn er að ræða. Hitt er ef til vill athyglisverðara, að sama getur átt við um flutning jarðgufu. Þessu til staðfestingar eru tekin dæmi, sem bæði eiga við jarðvarmanotkun til iðnaðar með nýtingu niður í 100°C frárennslishita (t.d. suða eða eiming):

Vegalengd - 20 km

Pipuvídd - 800 mm

Flutningsseta til markaðar: (8000 klst./ári nýting)

Vatnslögn - 150°C - 313 MW - $2,5 \times 10^9$ kWst/ár

Gufulögn - 150°C - 225 MW - $1,8 \times 10^9$ kWst/ár

Þrýstingur við pipuenda:

Vatnslögn - 23/6 bara

Gufulögn - 19/6 bara

Rennsli eftir pipu:

Vatnslögn - 1500 kg/s

Gufulögn - 100 kg/s

Stofnkostnaður pipu:

Vatnslögn - 155 Mkr.

Gufulögn - 119 Mkr.

Flutningskostnaður verður mjög svipaður í báóum tilvikum eða nálægt 0,65 aurar/kWst. og er þá gert ráð fyrir 25 ára afskriftartíma og 8% ársvöxtum.

Orkumagn og pípuvídd skipta miklu mál. Gufuflutningur eftir 300 mm pípu kostar t.d. 2-4 aura/kWst. og er þá miðað við sömu vegalengd og svipað þrýstifall og að ofan greinir.

A það skal lögð áhersla hér, að öflun jarðvarmaorkunnar og dæling/þjöppun til markaðar er ekki innifalin í þessum tölum. Til þess að gefa þó einhverja viðmiðun, má geta þess, að gufuöflunarkostnaður á háhitasvæðum er áætlaður einhvers staðar á bilinu 1-4 aurar/kWst. Framleiðslukostnaður gufu í svartoliukyntum kötlum er nálægt 20-25 aurum/kWst.

Það gefur því auga leið, að talsverðu má kosta til gufuþjöppunar (þurfi hennar við á annað borð), án þess að samkeppnisstaða gagnvart oliu raskist verulega.

Hér hefur verið lýst niðurstöðum, sem fengist hafa við notkun þeirra linurita, sem í skýrslu þessari er að finna, en þeim er einmitt ætlað það hlutverk að vera til uppsláttar við grófar áætlunargerðir af þessu tagi. Notendum er ráðlagt að kynna sér texta skýrslunnar, áður en notkun linurita hefst með tilliti til skýringa og kostnaðarliða, sem þar er að finna.

EFNISYFIRLIT

	Bls.
AGRIP	3
EFNISYFIRLIT	5
SKRÁ YFIR LÍNURIT	6
INNGANGUR	7
1 RENNSLISMÓTSTÁÐA	10
1.1 Gufustreymi	10
1.2 Vatnsstreymi	11
2 VARMATAP	12
3 VARMAPENSIA	13
4 UNDIRSTÖÐUR	15
5 KOSTNAÐARÆTLANIR	16
5.1 Efni	17
5.2 Vinna	19
6 AÐRIR VALKOSTIR	22
7 DAMI	23
LÍNURIT, myndir 1 - 21	31
VÍDAUKI: Fjarvarmaflutningur; Kostnaðarathugun á undirstöðum og festum fyrir stálpípur	55

SKRÁ YFIR LÍNURIT

	Bls.
1 Rennslismótstaða - Gufupípa: 5 km - 219,1 - 323,9 - 406,4 mm	31
2 Rennslismótstaða - Gufupípa: 5 km - 609,6 - 812,8 - 1016,0 mm	32
3 Rennslismótstaða - Gufupípa: 10 km - 219,1 - 323,9 - 406,4 mm	33
4 Rennslismótstaða - Gufupípa: 10 km - 609,6 - 812,8 - 1016,0 mm	34
5 Rennslismótstaða - Gufupípa: 20 km - 219,1 - 323,9 - 406,4 mm	35
6 Rennslismótstaða - Gufupípa: 20 km - 609,6 - 812,8 - 1016,0 mm	36
7 Rennslismótstaða - Gufupípa: 30 km - 219,1 - 323,9 - 406,4 mm	37
8 Rennslismótstaða - Gufupípa: 30 km - 609,6 - 812,8 - 1016,0 mm	38
9 Rennslismótstaða - Vatnspípa: 5 km - 219,1 - 323,9 - 406,4 - 609,6 - 812,8 - 1016,0 mm	39
10 Varmatap	40
11 Pípulögn - Efni	41
12 Undirstöður gufulagnar - Efni	42
13 Undirstöður vatnsLAGNAR - Efni	43
14 Einangrun - Efni	44
15 Álklaðning - Efni	45
16 Pípulögn - Vinna	46
17 Undirstöður gufulagnar - Vinna	47
18 Undirstöður vatnsLAGNAR - Vinna	48
19 Einangrun - Vinna	49
20 Álklaðning - Vinna	50
21 Steyptar undirstöður og festur. Jarðvinna og vegagerð - Efni og vinna	51

Inngangur

Þann 2. mars 1982 var undirritaður samningur milli Orkustofnunar og Verkfræðistofu Guðmundar & Kristjáns h/f um „ Frumáætlun um flutning jarðvarma frá háhitasvæðum ”.

Í samningi þessum segir svo:

"Verkkaupi óskar eftir, að ráðgjafinn taki að sér að gera frumáætlun um flutning háhita-jarðvarma langar vegalengdir. Með löngum vega-lengdum er átt við fjarlægðina frá helstu háhitasvæðum landsins til hagkvæms notkunarstaðar, þar sem fyrir er t.d. höfn og byggð.

Nokkur dæmi eru:

Reykjanes	-	Keflavík
Trölladyngja	-	Straumsvík
Hengill	-	Reykjavík
Ölfusdalur	-	Þorlákshöfn
Námafjall	-	Krafla
Þeistareykir	-	Húsavík

Í aðalatriðum skal gera ráð fyrir, að varmaflutningur fari fram í stálpipu, sem einangruð er með steinull, varin með álklæðningu og lögð ofanjarðar, á steinsteyptar undirstöður. Athuga skal þó, hvort hagkvæmari lausnir séu fyrir hendi, sérstaklega fyrir lægri gildi rennslis og notkunarhitastigs. Einnig skal fjallað um útfærslu pipulagnar þar, sem þvera þarf vegi eða eignarland með neðanjarðarlögn. Notkunarhitastig markaðar er hugsað 100 - 200°C og pipuþvermál 200 - 1000 mm.

Aætlunin skiptist í eftirfarandi verkefni:

A. Flutningur á gufu

Flutningur hefst með gufu frá skiljustöð og tekur til gufu-þjöppunarstöðvar (eftir því sem við á) og pipulagnar að dreifistöð á áfangastað ásamt tilheyrandi stjórn- og öryggis-búnaði.

B. Flutningur á vatni (holuvatni)

Flutningur hefst með vatni frá skiljustöð og tekur til dælustöðvar (eftir því sem við á) og pipulagnar að dreifistöð á áfangastað, ásamt tilheyrandi stjórn- og öryggisbúnaði.

C. Sambjöppun gufu og þéttung á holuvatni

Kanna skal möguleika á að þjappa saman gufu eftir skiljustöð og eimpéttingu við beina blöndun (innspýtingu) á holuvatni undir þrýstingi. Aætlunin tekur til gufuþjöppustöðvar, dælustöðvar og eimpéttis ásamt tilheyrandi stjórn- og öryggisbúnaði.

Einnig skal gera lauslega könnun á tiltækum möguleikum varðandi notkun djúpdæla í háhitaholum, sem halda uppi nægum þrýstingi til þess að koma í veg fyrir suðu í holunum og pipulögn frá þeim að dælustöð.

D. Frumáætlun fyrir flutningsleiðir

Þeistareykir	-	Húsavík
Hengill	-	Reykjavík
Trölladyngja	-	Straumsvík

Gengið skal út frá tiltölulega afmörkuðum tölugildum fyrir rennsli og notkunarhitastig, og hagkvæmasta pipubvermál fundið, ásamt stofn- og reksturskostnaði.

Höfuðbreytistærðir við lausn verkefna A og B eru rennsli, notkunarhitastig, pipubvermál, vegalengd og einangrunarþykkt. A grundvelli þessara breytistærða skal útbúa linurit, sem nota má til að ákvarða þrýstifall, hitafall og stofnkostnað pipuleiðslu. Jafnframt skal gera lauslegar athuganir á kostnaði við öflun jarðvarmaorkunnar, til verðlagningar á varmatapi, sem aftur notast við útreikninga á hagkvæmri einangrunarþykkt.

Lausn verkefnis C felur í sér tæknilega upplýsingaöflun fyrir gufubjöppur og vatnsdælur, sem síðan er leitast við að meðhöndla á þann veg, að sem auðveldast verði að finna stofn- og reksturskostnað slikra mannvirkja fyrir hin ýmsu afkastasvið, sem á þarf að halda, til að finna heildarstofnkostnað og reksturskostnað jarðvarmaveitna skv. A eða B".

Skyrsla sú, sem hér fer á eftir, fjallar um verkefni A og B og nefnist áfangi 1.

Aætlanir um steyptar undirstöður og jarðvinnu voru unnar af Fjarhitun h/f samkvæmt sérstakri beiðni verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns h/f.

Aætlun Fjarhitunar h/f ásamt greinargerð, „Fjarvarmaflutningur, kostnaðarathugun á undirstöðum og festum fyrir stálpipur", maí 1982/Nr. 10, fylgir með þessari skyrslu sem viðauki.

1.

RENNSLISMÓTSTÖÐA

Í næstu tveimur undirköflum er gerð grein fyrir þeim forsendum, sem byggt er á við útreikninga á rennslismótstöðu í gufupipu og vatnspípu. Niðurstöður er að finna í formi línurita aftast í skýrslunni (sjá myndir 1 - 9).

1.1

Gufustreymi

Þrýstítap við gufustreymi var reiknað út á eftirfarandi hátt:

- 1) Þrýstingur í markaðsenda gefinn, 6, 10 og 15 bara.
- 2) Þrýstingur í framleiðsluenda (frá jarðhitasvæðinu) reiknaður út fyrir 5, 10, 20 og 30 km vegalengd, ϕ 220, ϕ 300, ϕ 400, ϕ 600, ϕ 800 og ϕ 1000 mm pipustærðir (nafnmál) og mismunandi gufurennslu.

Við útreikninga er tekið tillit til hraðabreytinga, sem verða samfara lækkandi þrýstingi eftir pipulögninni. Þetta er gert með tölvuforriti. Forritið gerir ráð fyrir stöðugu hitastigi og seigju. Að öðru leyti byggir það á hinni hefðbundnu Colebrook jöfnu fyrir núningsstuðulinn.

Hitastig og seigja (dynamisk) breytist hvorttveggja með þrýstingi, og gufa er ekki „ idealt ” gas, þ.e. þjöppunarstuðull breytist með hita og þrýstingi.

Hitastigsbreytingar hafa langmest áhrif af þessum þremur stærðum. Í reikningunum er notað meðalhitastig gufunnar í pipulögninni fyrir hverja keyrslu. Seigja og þjöppunarstuðull voru ákveðin í eitt skipti fyrir öll, sem meðaltöl fyrir allar keyrslurnar.

Sem dæmi um þá ónákvænni, sem af þessu leiðir, má taka ϕ 400 mm pipu, sem flytur 20 kg/s 30 km vegalengd og skilar gufunni við 10 bara (180°C). Samkvæmt tölvuforritinu verður þrýstifall 16,2 bör og þrýstingur í upphafi því 26,2 bara. Þessum þrýstingi verður ekki náð, nema með samþjöppun gufunnar. Sé gert ráð fyrir tvíþrepa þjöppun með millikælingu, verður hitastig í upphafi um 275°C og meðalhitastig því 227°C.

Þrýstitap reiknað við 227°C breytist um $\pm 6\%$ fyrir $\pm 50^{\circ}\text{C}$ þ.e. $16,2 \pm 1$ bar.

Með því að velja seigju og þjöppunarstuðul við ca. 20 bara, 260°C , er sámi lega tryggt, að reiknað þrýstifall sé heldur hærra en raunverulegt þrýstifall yrði.

Gengið er út frá, að pípur séu með venjulegri yfirborðsáferð ($0,045 \text{ mm}$), og því er ekki reiknað með neinum útfellingum í lögninni, enda ekki við þeim að búast.

Við notkun linuritanna hér á eftir ber að hafa í huga gufuhráða, þegar nær dregur áfangastaðnum, en hann er út af fyrir sig takmarkandi fyrir leyfilegt gufumagn.

A línumritunum er 120 m/s gufuhráði auðkenndur með punkti. Mikið ofar er tæplega unnt að fara, ef komast á hjá sliti (,, erosion''). Þetta takmarkar mjög flutningsgetu pípulagna, sérstaklega við 6 bara móttökubrýsting og viðar lagnir ($600 - 1000 \text{ mm}$).

Að síðustu skal á það bent, að þrýstitapslinuritin gilda fyrir beina pípu, án þensluhlykkja eða beygja. Til þess að reikna út þrýstitap á tiltekinni flutningsleið má nota beina vegalengd að viðbættum $15-20\%$ fyrir þensluhlykki og beygjur. Þvermál pípa á við nafnmál, þ.e. f. pípu skv. DIN 2458, $\phi 1016 \text{ mm}$ utanmál, á að lesa af við 1000 mm .

1.2

Vatnsstreymi

Þrýstitap i vatnslögnum var reiknað út með hefðbundnum hætti að því undanskildu, að tölva var notuð og þá um leið tölvutæk útgáfa af Colebrook jöfnu.

Útreikningarnir gilda fyrir 140°C og $0,045 \text{ mm}$ pípuhrjúfleika (hrein stálpípa).

Hitastigsbreyting um $\pm 50^{\circ}\text{C}$ hefur í för með sér $\pm 5\%$ skekkju í þrýstitapi.

Að öðru leyti eiga sömu skýringar við eins og í niðurlagi kaflans hér á undan, þ.e. þrýstifall er fyrir beina pípu, án þensluhlykkja eða beygja, og nafnþvermál pípu er notað í stað utanmáls.

2.

VARMATAP

Varmatapsreikningar eru grundvallaðir á eftirfarandi forsendum:

1) Einangrunarefni steinull með 150 kg/m^3 eðlisþyngd.

2) Varmaleiðni steinullar:

50°C	-	0,038	W/m°C
100°C	-	0,044	-
150°C	-	0,051	-

3) Lofthiti 0°C og vindhraði 8 km/klst. (2 vindstig)

4) Lituð álkápa með geislunarstuðli 0,9.

Niðurstöður eru sýndar á mynd 10 fyrir mismunandi pípunafnmál (óeinangraðrar pípu) og fyrir 1 1/2" - 4" (38,0 - 101,6 mm) einangrunarþykkt.

Línuritið gildir við 100°C vatns/gufuhita, en einnig eru gefnir álagsstuðlar fyrir önnur hitastig.

Dæmi: ϕ 400 mm - 1 1/2" ein.- 250°C gefur $155 \times 2,5 \times 1,26 = 488 \text{ W pr. lengdarmetra pípu}$. Bæta má 15-20% við, til að taka tillit til þensluhlykkja.

3.



VARMAPENSILA

Tvær leiðir til varmapenslu voru athugaðar:

- 1) Þensluhlykkir.
- 2) Þanar.

Tvær gerðir þensluhlykkja eru almennt notaðar. Sú fyrri er hinn hefðbundni U-hlykkur með fjórum 90° beygjum.

Hin gerðin er Z-hlykkur, sem samanstendur af tveimur 90° beygjum:



Z-hlykkur er hagkvæmari en U-hlykkur en krefst meira lands.

Sem dæmi um þennan mismun má taka $\phi 600$ mm lögn, 200°C .

Vegalengdin A-B er valin um 200 m (milli festa).

Hlykklengdin H verður þá um 11,5 m fyrir U-hlykk en 20,5 m fyrir Z-hlykk.

Frávik frá ásstefnu pipuleiðarinnar er þó svipað, vegna þess að U-hlykkurinn er allur til sömu hliðar við þá stefnu.

Ef kostnaður pipulagnar er reiknaður sem einingarverð pr. m af beinni fjarlægð frá A-B (pr. lengdarmeter pipuleiðar), er slikur lengdarmeter 5-10% dýrari með U-hlykk en með Z-hlykk.

Þrýstifall vex um 12-15%.

Af þönum er um tvær gerðir að ræða, ásþana (axialþana) og sveifarþana. Sveifarþanar eru t.d. notaðir í Z-hlykki til að stytta þá. A hinn böginn eru þeir mjög dýrir.

Ásþanar eru aftur á móti settir inn í beina pipulögn og eru því ákjósanlegir þar, sem landrými er takmarkað.

Kostnaðarsamanburður bendir til, að lögn með áspönum kosti um það bil 7-15% meira pr. lengdarmeter en Z-hlykkir. Kostnaðarverð þananna sjálfra er út af fyrir sig lægra heldur en beygja og pipna, en þeim til viðbótar koma svo stýringar og margfalt kröftugri festur. Pipulögn án þana er að öðru jöfnu öruggari í rekstri, en tekur meira landrými. Í þessari áætlun er reiknað með Z-hlykkjum, og eru öll einingarverð við þá útfærslu miðuð.

4.

UNDIRSTÖÐUR

Fjarlægð milli undirstaða pipulagnar ræðst fremur af leyfilegri niðurbeygju pipunnar milli undirstaðanna heldur en áraun (spennum). Undirstöðubil er jafnframt mismunandi eftir því, hvort um er að ræða gufu- eða vatnslögn.

Í þessari áætlun er viðmiðunin 5-10 mm niðurbeygja (t.d. 5 mm fyrir ϕ 200 mm pípu og 10 mm fyrir ϕ 800 mm pípu), sem veldur beygju-spennum innan við 60 N/mm^2 .

Fjarlægð á milli undirstaða verður þá:

Pipustærð (mm)	Gufulögn (m)	Vatnslögn (m)
ϕ 200	10	8
ϕ 300	13	11
ϕ 400	16	13
ϕ 600	22	17
ϕ 800	26	21
ϕ 1000	31	25

Í þessari áætlun er gert ráð fyrir núningsundirstöðum úr stáli, sem innsteyptar eru í undirstöðuklossa. Undirstöðurnar samanstanda af tveimur stálsúlum úr U-járni eða H-járni með pípuslá á milli. Lögnin sjálf liggar svo í stól úr L-járni, sem aftur hvílir á slánni og getur runnið eftir henni.

Eins og síðar kemur í ljós, er kostnaður undirstaða umtalsverður hluti heildarkostnaðar pipulagna, sérstaklega vatnslagna, og er því fyllsta ástæða til að leggja verulega vinnu í hönnun þeirra. Þetta á sérstaklega við um grennri lagnirnar þar sem undirstöðukostnaður nálgast þriðjung heildarkostnaðar.

Undirstöður eru hannaðar fyrir 0,27 g jarðskjálfta og 43 m/s vindhraða (IST 13 og IST 12.3).

5.

KOSTNAÐARÁÆTLANIR

Kostnaðaráætlanir eru gerðar annars végir efnisliði
pípulagnar og hins végir fyrir vinnuliði (steinsteyptar
undirstöður og jarðvinna er þó ekki sundirliðað í efni og vinnu).
Með hliðsjón af hlutdeild V-Þýskalands á stálmörkuðum Evrópu er
hér valin sú leið, að nota v-þýsk mörk ásamt v-þýskri neytenda-
vísitölu til að tryggja notkunargildi efniskostnaðaráætlana að
minnsta kosti nokkur ár fram í tímann.

Samsvarandi er vísalala byggingarkostnaðar notuð sem viðmiðunar-
grundvöllur innlendrar vinnu.

DM 83 / 115.7

Viðmiðunargrunnur er þessi: DM 83 / 116.2

DM - 4,2445 kr. 109.8 *Fyrir Þýskaland*

Consumer index - 105 (Birtist mánaðarlega í International
Financial Statistics. Fæst uppgefið hjá hagdeild Seðlabanka
Íslands).

Vísalala byggingarkostnaðar - 1015, mars 1982.

Kostnaðaráætlanir eiga því að haldast nokkuð réttar með því að
margfalda efnisliði með:

Gengi DM x Consumer Index

4,2445 x ~~105~~ 109.8

og vinnuliði með:

Vísalala byggingarkostnaðar

1015

Allar kostnaðaráætlanir eru settar upp sem einingarverð pr.
lengdarmeter. Lengdarmeter er ekki lengdareining pípunnar
sjálfrar, heldur pípuleiðarinnar. Þensluhlykkir (af Z-gerð)
eru sem sé innreknaðir í einingarverðin (með beygjum og
tilheyrandi). 1500

mai
1984 sum 118,6

DM 10,9613

Einingarverð eru sett upp í linurit sem fall af pipupvermáli.

Pípuþvermál er alltaf nafnmál stálpipunnar, þ.e.:

Nafnmál (mm)	Utanmál stálpipu (mm)
∅ 200	∅ 219,1
∅ 300	∅ 323,9
∅ 400	∅ 406,4
∅ 600	∅ 609,6
∅ 800	∅ 812,8
∅ 1000	∅ 1016,0

Einingarverð fela í sér flutningskostnað og efnisrýrnun en ekki aðflutningsgjöld (toll, vörugjald, söluskatt o.s.frv.).

Þegar einstakir liðir kostnaðaráætlunar hafa verið lagðir saman til að fá fram verktakakostnað, skal bæta við eftirfarandi hundraðshlutum þeirrar upphæðar:

Ófyrirséð	-	15%
Verkfræðikostnaður og umsjón	-	10%
Vextir á byggingartíma	-	15%
<hr/>		
Samtals	-	40%

5.1

Efni

Kostnaðaráætlanir efnisliða er að finna á myndum 11-15.

Aflað var próforma tilboða frá nokkrum fyrirtækjum og þau síðan greind með "regression - analysu" til að tryggja samsvörun í pípuvíddum.

Tilboð voru miðuð við efnisgæði St. 37-2 annars vegar og St. 52-3 hins vegar. Síðari kosturinn reyndist til muna hagstæðari, þar sem pípur með sámu veggþykkt og úr St. 52-3 kosta einungis 7% meira en samsvarandi pípur úr St. 37-2, en hafa 30-40% meira þrýstibol.

Suðuhæfni er sambærileg og því ekki ástæða til að ætla, að vinnuliðir hækki við það, að notuð sé St. 52-3.

Flutningskostnaður til landsins og innanlands ásamt efnisrýrnun var reiknað sem hér segir (% á F.O.B. - verð):

	Flutningur	Rýrnun
	%	%
Pípur	30	15
Beygjur	17	15
Undirstöður	35	20
Einangrun	78	25
Álklæðning	10	20

Þrýstibol pipulagnar fer eftir því, hvort um er að ræða gufu eða vatn, mikinn eða lítinn hæðarmun á leiðinni, vegalengd, þrýstifall o.s.frv.

Hér er valin sú leið að nota DIN-þrýstibrep 16, 25 og 40 til að gefa viðmiðun.

Öll linuritin eru gerð fyrir þrýstibrep 16, en neðanmáls eru gefnir margföldunarstuðlar fyrir þrýstibrep 25 og 40. Til þess að fá einingarverð fyrir þrep 40, á að margfalda einingarverð úr linuritinu með áður nefndum margföldunarstuðli.

Astæða þess, að margföldunarstuðlar eru mismunandi eftir pipuvídd, er annars vegar 2 mm tæringarálag fyrir veggþykkt pipu, óháð vídd, og hins vegar 4,5 mm lágmarksveggþykkt.

Linurit fyrir einangrun byggir á steinullarskálum fyrir pipur 200-300 mm og steinullarstöfum fyrir aðrar pipur.

Linurit fyrir álklæðningu byggir á ólituðu, seltuvörðu áli (með magnesium íblöndun) á rúllum. Álagsstuðull, 14%, er gefinn fyrir akryllakkað ál.

5.2

Vinna

Kostnaðaráætlun vinnuliða er að finna á myndum 16-20 og heildarkostnað steypta undirstaða, jarðvinnu og vegagerðar á mynd 21. Grundvöllur allra linuritanna er, að um sé að ræða summarvinnu (apríl-september) á Suðvesturlandi og, að pipulögн sé í þrýstiþrepi DIN 16.

Fyrir aðra landshluta (i þessu tilviki er ekki um aðra að ræða en Norðurland) og annan árstíma (vetrarvinna í október-mars) eru gefnir álagsstuðlar. Samsvarandi eru gefnir álagsstuðlar fyrir þrýstibrep.

Aflesin einingarverð úr linuritum á að margfalda með álagsstuðli staðsetningar og árstíma og það margfeldi að lokum með álagsstuðli þrýstibreps.

Grundvöllur kostnaðaráætlunarinnar byggir á eftirfarandi:

Vinna við pipuuppsetningu er framkvæmd af 10 manna hópum, sem hver um sig samanstandur af verkstjóra, 6 sveinum og 3 hjálparmönnum. Vinnutarnir eru þannig, að á hálfum mánuði eru greiddar 163 klst, en þar af fara 35 klst. í ferðir ásamt matar- og kaffitínum. Lagt er af stað til vinnusvæðis á mánudagsmorgni (3 klst. ferðalag), unnið það sem eftir er dagsins og alla næstu 10 daga (14 klst. pr. dag). Siðan er unnið í 6 klst. á föstudagi en svo farið heim (3 klst. ferð) og fri í næstu two daga.

Miðað er við útselda vinnu Málm- og skipasmíðasambandsins að viðbættu 10% á lagi.

Taxtar eru þessir (1. mars 1982):

Verkstjóri:	Yfirverkstjóri eftir 10 ár
Sveinar:	26. fl., 5 ár
Hjálparmenn:	20. fl., 5 ár

Við uppsetningarvinnu á staðnum notar þessi 10 manna hópur eftirtalin verkfæri, áhöld, efni:

3 disildrifnar rafsuðuvélar
3 rafdrifna slípirokka
3 gas- og súrtáki
6 pk. rafsuðuvir pr. dag
1 stk. jeppa
1/2 stk. kranabil (,, rekker '')

Þegar við þetta er svo bætt kostnaði við ferðir (2 x 200 km pr. úthald), fæði og gistingu verður útsöluverð á hverja greidda vinnustund sem hér segir:

Laun	80,1	kr/klst.
Alag á laun	68,9	"
Fæði, gisting, ferðir	26,8	"
vélavinna, hjálparefni	50,7	"
	<u>226,5</u>	"

Þetta verð á við uppsetningu og samsuðu pipulagnar.

Við smíði og uppsetningu undirstaða gildir annað verð, sem tekur tillit til þess, að undirstöður eru forsmiðaðar á verkstæði.

Samsvarandi gilda önnur verð fyrir uppsetningu einangrunar og álklaðningar þar, sem litil vélavinna kemur við sögu.

Hverju linuriti fylgja álagsstuðlar fyrir vinnustað og árstíma annars vegar og DIN þrýstiþrep hins vegar.

Með þessa álagsstuðla á að fara eins og fyrir efni hér að framan, þ.e. þeir margfaldast saman.

Mismunandi álagsstuðlar fyrir Suðvesturland og Norðurland eru þannig til komnir, að gert er ráð fyrir, að verktaki sé sunnlenskur og hafi því meiri kostnað af vinnu norðanlands en sunnan.

Þessi munur er metinn 10%. Að sumri til er ekki gert ráð fyrir öðrum mismun, þ.e., að vinnuaðstæður og afköst séu að öðru leyti hliðstæð.

Að vetri til er aftur á móti um meiri mismun að ræða, vegna lengri vetrar og kaldari norðanlands. Þessi mismunur er metinn 10%.

Það skal áréttar hér, að vetrarvinna er skilgreind sem öll vinna á tímabilinu október-mars og vetrarvinnuálag á við þetta tímabil í heild, en ekki t.d. janúarmánuð einan sér.

Framangreint á fyrst og fremst við uppsetningu og samsuðu pipunnar ásamt einangrun, sem hvorttveggja er unnið utandyra að öllu leyti. Aðrir lægri stuðlar eiga við um undirstöður og álklaðningu.

Það skal játað, að framangreint mat á kostnaðarmun frá einu vinnusvæði til annars og frá sumri til vetrar grundvallast ekki á viðamiklum reynslutölum. Notast var við upplýsingar, sem tiltækjar eru um vinnukostnað i Svartsengi og Kröflu/Bjarnarflagi og einnig við álagsstuðla, sem sýna samsvarandi mismun á vinnu í Bandaríkjunum og Kanada eftir stað og árstíma.

Um Kröflu/Bjarnarflagstölur er það að segja, að framkvæmdir við Kröfluveitu voru mjög dýrar vegna sérlegra óhagstæðs vetrarveðurs samfara miklum þrýstingi

Tilboðstölur í síðari tíma framkvæmdir á þessu svæði bera enn keim af þessu ástandi þó merkja megi einhverja þróun í átt til „eðlilegra“ tilboða, sérstaklega hjá verktökum, sem hvergi komu nærrí upphaflegum framkvæendum við Kröflu.

Af þessum sökum eru álagsstuðlar lægri heldur en menn, kunnugir Kröfluframkvædum, mundu í fljótu bragði telja eðlilegt.

Til samanburðar má geta þess, að virkjunarkostnaður við Blöndu er talinn 2,6% hærri en á Tungnárvæðinu og er þá aðeins um staðarálag að ræða en ekki tilhögun virkjunar, stærð eða þess háttar.

Með tilliti til þess, að hlutdeild innfluttra aðfanga í heildarvirkjunarkostnaði er $1/4 - 1/3$ má ætla að vinnuliðarmismunurinn sé metinn á um 4%. Þetta er ekki ósambærilegt við þau 18%, sem munar á heilsárvinnu norðanlands og sunnan í þessari áætlun, þegar tillit er tekið til þess, að Tungnárvæðið er hálandi og að vinna er mjög takmörkuð yfir háveturinn.

6.

AÐRIR VALKOSTIR

Áætlanagerðin hér að framan miðast við eina ákveðna útfærslu
pípulagnarinnar, sem sé stálpipu ofanjarðar, lagða á steinsteyptar
undirstöður, einangraða með steinull og veðurvarða með áklæðningu.
Við lægri gildi rennslis og hitastigs/prýstings kemur einnig til
álita að nota aðrar gerðir, t.d. niðurgrafna asbestlögn fyrir vatn,
100°C eða svo, eða þá „ hitaveiturör ”, þ.e. stálpipu einangraða
með pólýúretan, varða með pólýetýlenkápu og niðurgrafna í jörð. .
Þá síðarnefndu mætti nota fyrir vatn eða gufu upp undir 130-140°C
(með þéttari urethanblöndu).

Lausleg athugun á þessum valkostum og samanburður við áður gerðar
áætlanir Fjarhitunar h/f (OS80008/JHD04 1980) bendir til þess,
að asbestlögn, 200-400 mm, kosti um 50-60% af verði samsvarandi
stálpipu ofanjarðar.

Niðurgrafin stálpípa kostar aftur á móti um 20-30% meira.

7.

DÆMI

Til þess að sýna notkun línuritanna og hagkvæmni fjarvarma-flutninga, verða reiknuð tvö dæmi:

Dæmi 1 - Vatnslögn

Þvermál	-	800 mm	(ϕ 812,8 mm)
Vegalengd	-	20 km	
Rennsli	-	1500 kg/s	
Hitastig	-	150°C	
Einangrun	-	60/100 mm	
Prýstifall	-	mynd 9 gefur 3,7 bar/5 km 3,7 x 4 = 14,8 bar + 15% fyrir þensluhlykki = <u>17,0</u> bar	

Til þess að ekki sjóði á lögninni verður móttökuþrýstingur að vera um 6 bara og þrýstingur í dæluenda $6 + 17 = 23$ bara, og pípulögnin rétt sleppur í þrýstibrep 25.

Varmatap	-	mynd 10 gefur f. 60 mm (63 mm) $190 \times 1,5 \times 1,08 = 308 \text{ W/m} - \underline{6160 \text{ kW}}$ og f. 100 mm (101,6 mm) $128 \times 1,5 \times 1,08 = 208 \text{ W/m} - \underline{4160 \text{ kW}}$
----------	---	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Sé gert ráð fyrir nýtingu vatnsins niður í 100°C (iðnaður, sem nýtir vatn til suðu eða þurrkunar) og 8000 klst. árlegum nýtingartíma, verður nettóorkuflutningur til markaðarins $2,487 \times 10^9 \text{ kWst/ár}$ f. 100 mm einangrun og $2,471 \times 10^9 \text{ kWst/ár}$ f. 60 mm einangrun.

Setjum sem svo að pipulögnin sé byggð á Norðurlandi, að jarðvegs-skilyrði séu samileg og framkvældin standi yfir allt árið.
Stofnkostnaður lagnarinnar verður þá sem hér segir:

Efni:

Pípa	-	mynd 11	-	1250 x 1,3	=	1625	kr/m
Undirstöður	-	mynd 13	-	130 x 1,1	=	143	"
Einangrun	-	mynd 14	-	565 x 1,0	=	565	" (60 mm)
"	-	mynd 14	-	800 x 1,0	=	(800)	" (100 mm)
Áklæðning	-	mynd 15	-	280 x 1,0	=	280	" (ólituð)
Efni, samtals , 60 mm einangrun						<u>2613</u>	kr/m
Efni, samtals , 100 mm einangrun						<u>2848</u>	kr/m

Vinna:

Pípa	-	mynd 16	-	387 x 1,3	x 1,05	=	528 kr/m
Undirstöður	-	mynd 18	-	395 x 1,065	x 1,02	=	429 "
Einangrun	-	mynd 19	-	110 x 1,3		=	143 "
Áklæðning	-	mynd 20	-	70 x 1,225		=	86
Vinna, samtals						<u>1186</u>	kr/m

Steyptar undirstöður og festur ásamt

jarðvinnu og vegagerð

$$\text{mynd 21} \quad - \quad 1380 \times 1,175 \times 1,0 = \underline{1622 \text{ kr/m}}$$

Samtals verktakakostnaður:

60 mm einangrun:

$$(2613 + 1186 + 1622) \times 20000 = 1,084 \times 10^8 \text{ kr.}$$

100 mm einangrun:

$$(2848 + 1186 + 1622) \times 20000 = 1,131 \times 10^8 \text{ kr.}$$

Heildarkostnaður verður þá með 40% álagi fyrir ófyriseðu, hönnun + umsjón og vöxtum á byggingartíma:

60 mm einangrun	-	$1,518 \times 10^8$ kr	-	<u>151,8</u> Mkr.
100 mm einangrun	-	$1,583 \times 10^8$ kr	-	<u>158,3</u> Mkr.

Gert er ráð fyrir, að árlegur kostnaður sé fólginn í:

Fjármagnskostnaði , 8% vextir , 25 ár afskrift
Reksturskostnaði , 0,5% viðhald , 0,5% gæsla
eða í heild 10,37% af stofnkostnaði.

Árlegur kostnaður er þá:

60 mm einangrun	-	15,74 Mkr/ár
100 mm einangrun	-	16,42 "

og kostnaður pr. flutta kWst.:

60 mm einangrun	-	<u>0,637</u> aurar/kWst.
100 mm einangrun	-	<u>0,660</u> " "

Dæmi 2 - Gufulögn

Evermál	-	800 mm ($\phi_{812,8}$ mm)
Vegalengd	-	20 km
Rennsli	-	100 kg/s
Móttökuprýstingur	-	6 bara, mettuð gufa
Einangrun	-	40/60 mm

Prýstingur frá þjöppu - mynd 6 - 17 bara eða prýstifall 11 bar.

Við bætast 15% fyrir þensluhlykkjum, þannig að prýstingur frá þjöppum verður tæp 19 bara og pípulögnum verður í prýstiprépi 25. Meðalhitastig gufu á leiðinni verður um 175°C og varmatap verður samkv. mynd 10/40 mm einangrun - $300 \times 1,75 \times 1,12 = 588 \text{ W/m}$ eða samtals 11760 kW.
60 mm einangrun - $190 \times 1,75 \times 1,12 = 372 \text{ W/m}$ eða samtals 7450 kW.

Sé gert ráð fyrir nýtingu gufunnar niður í 100° (þéttivatnshitastig) og 8000 klst. árlegum nýtingartíma, verður nettóflutningur til markaðarins $1,841 \times 10^9 \text{ kWst./ári}$ f. 60 mm éinangrun og $1,807 \times 10^9 \text{ kWst./ári}$ f. 40 mm einangrun.

Stofnkostnaðaráætlun pipulagnar, byggð á sömu forsendum og í dæmi 1, verður ekki rakin hér. Framkvændin er sú sama að öðru leyti en því, að nota á linurit fyrir undirstöður gufulagnar (myndir 12 og 17), 40 og 60 mm einangrunarþykktir í mynd 14 og gufulagnarferil á mynd 21.

Niðurstaðan er:

Efni,	40 mm einangrun	-	2398 kr/m
Efni,	60 mm einangrun	-	2543 "
Vinna,	40/60 "	-	900 "
Steyptar undirst.		-	887 "

Heildarkostnaður verður þá:

40 mm einangrun	-	<u>117,2</u> Mkr.
60 mm einangrun	-	<u>121,2</u> Mkr.

Arlegur kostnaður, reiknaður eins og í dæmi 1, gefur ásamt fluttri orku á ári eftirfarandi flutningskostnað:

40 mm einangrun	-	<u>0,648</u> aurar/kWst.
60 mm einangrun	-	<u>0,658</u> aurar/kWst.

Eða mjög svipaðar tölur og fyrir vatnsflutninginn í dæmi 1.

Með þessu er ekki staðhæft að flutningur vatns og gufu kosti nánast það sama. Hagkvæmasta vatns- eða gufurennslíð gegnum gefna pipuvídd eða raunar öfugt, hagkvæmasta pipuvíddin fyrir gefið rennslí verður þá fyrst rétt reiknuð, að dælukostnaður (gufu- þjöppunarkostnaður) sé tekinn með í reikningana, (verkefni áfangaskýrslu 2).

Þá er að líta á hagkvænni þeirra einangrunarþykktu, sem valdar voru í dænum 1 og 2.

Til þess vantar vatns- og gufuöflunarkostnaðinn.

Samkvæmt nýútkominni skýrslu Orkustofnunar um jarðgufuvirkjun í Hengli (OS82023/JHD02) saminni af Verkfræðistofu Guðmundar & Kristjáns h/f kostar kWst. gufu 1,2 - 4 aura og kWst. vatns 4 - 14 aura, hvorttveggja háð borárangri.

Hér liggur til grundvallar 270°C innstreymisshiti í holur, 7 bara skiljuþrýstingur og nýting niður í 100°C. Þessar tölur eiga við, ef einungis annar fasinn (gufan eða vatnið) er nýttur en hinum fleygt (ofangreint gufuverð svarar til um það bil 8-26 kr/tonn gufu). Við þetta er svo eftir að bæta gufubjöppun eða vatnsdælingu, sem er verkefni næstu áfangaskýrslu svo og flutningi á áfangastað. Til þess að vera ekki með neinar getgátur er hér valinn så kostur að sleppa þjöppunar- eða dælingarkostnaði. Slikt þarf út af fyrir sig ekki að vera út í hött, því vel getur hagað þannig til, að dælingar sé ekki þörf.

Dæmi 1 - Vatnslögn:

60 mm einangrun:

Árskostnaður einangrunar	-	2,1	Mkr/ár
" varmataps	-	2,3 - 7,2	"
Samtals		4,4 - 9,3	"

100 mm einangrun:

Árskostnaður einangrunar	-	2,7	Mkr/ár
" varmataps	-	1,6 - 4,9	"
Samtals		4,3 - 7,6	"

Það er sem sagt ljóst, að hagkvæmasta einangrunarþykkt er nálægt 100 mm þegar vatnsöflunarkostnaður er í lágmarki, en verulega meiri, ef kostnaður reynist í hámarki.

Dæmi 2 - Gufulögn:

40 mm einangrun:

Árskostnaður einangrunar	-	1,6	Mkr/ár
" varmataps	-	1,7 - 4,4	"
		3,3 - 6,0	"

60 mm einangrun:

Arskostnaður einangrunar	-	2,1	Mkr/ár
- varmataps	-	1,1 - 2,8	"
		3,2 - 4,9	"

Hagkvæmasta einangrunarþykktin í þessu tilfelli er nálægt 60 mm, þegar gufuöflun er ódýr, en mun meiri, ef gufuöflun reynist dýr.

Fróðlegt er að bera saman gufukostnað á notkunarstað, þ.e. gufuöflun, þjöppun og flutningur, við kostnað gufu framleiddrar í svartoliu-kyntum katli.

Samkvæmt framansögðu kostar kWst. jarðgufu frá háhitasvæði:

Gufuöflun	1,2 - 4,0	aurar/kWst.
Gufuflutningur	0,6 - 0,7	"
Samtals	1,8 - 4,7	"

og er þá kostnaður gufujöppunar ótalinn.

Gufuframleiðsla í svartoliukatli kostar 20 - 25 aura/kWst. miðað við 2,39 kr/liter svartoliukostnað.

Flutningskostnaður vex með minnkandi pípuþvermáli og að sjálfsögðu einnig með fjarlægð. Sem dæmi má nefna að gufuflutningur eftir ϕ 300 mm pípu - 20 km kostar 2-4 aura/kWst háð þrýstifalli. Eigi að síður er ljóst, að vinnsla og flutningur jarðvarma frá háhitasvæðum er bersýnilega vel samkeppnisfær við innflutta orku úr olíu.

Söluverð afgangsraforku til fjarvarmaveitna mun vera nálægt 5-7 aurar/kWst, sem er svipað og ofangreind jarðvarmaverð.

Það er ljóst, að niðurstöður þessa áfanga áætlunarinnar réttlætir, að áfram verði unnið að síðari áföngum. Næsta áfanga-skýrsla mun fjalla um gufubjöppun og vatnsdælingu, eins og áður hefur komið fram. Gufubjöppun er áreiðanlega dýrt fyrirtæki og vafasamt að slíkt borgi sig nema niður í u.p.b. 6 bara móttökubrýsting gufu. Gufulögnum í dæmi 2 gæti flutt um 60-70 kg/s við 6 bara móttökubrýsting og 12 bara brýsting frá jarðhitasvæðinu, sem er ekki meiri brýstingur en svo, að vel kæmi til greina að sleppa gufubjöppun og láta gufuholubrýstinginn einan um flutninginn. Flutningskostnaður vex um 43 - 66% eða sem nemur 0,28 - 0,43 aura/kWst, sem er örugglega mun ódýrara en gufubjöppun.

LINURIT

Myndir 1-21

Δp GUFA:

LEIÐSLULENGD: 5 km.

Mynd: 1

PÍPUPVERMÁL: 219,1 - 323,9 - 406,4 mm.

- $P_2 = 6$ bar abs. —
- $P_2 = 10$ bar abs. - - -
- $P_2 = 15$ bar abs. - - - -



Δp GUFA:


LEIÐSLULENGD: 5 km.

Mynd: 2

PÍPUPVERMÁL : 609,6 - 812,8 - 1016,0mm.

316

$P_2 = 6$ bar abs. —
 $P_2 = 10$ bar abs. - - -
 $P_2 = 15$ bar abs. - . .




Δp GUFA:

LEIÐSLULENGD: 10 km.

Mynd: 3

PÍPUPVERMÁL: 219,1 - 323,9 - 406,4 mm.

- $P_2 = 6$ bar abs. —
- $P_2 = 10$ bar abs. - - -
- $P_2 = 15$ bar abs. - - - -




Δp GUFA:

LEIÐSLULENGD: 10 km.

Mynd: 4

PÍPUPVERMÁL : 609,6 - 812,8 - 1016,0mm.

- $P_2 = 6$ bar abs. —
- $P_2 = 10$ bar abs. - - -
- $P_2 = 15$ bar abs. - - - -




Δp GUFA:

LEIÐSLULENGD: 20 km.

Mynd: 5

PÍPUPVERMÁL: 219,1-323,9-406,4 mm.

- $P_2 = 6$ bar abs. —
- $P_2 = 10$ bar abs. - - -
- $P_2 = 15$ bar abs. - - - -




Δp GUFA:

LEIÐSLULENGD: 20 km.

Mynd: 6

PÍPUPVERMÁL : 609,6 - 812,8 - 1016,0 mm.




Δp GUFA:

LEIÐSLULENGD: 30 km.

Mynd: 7

PÍPUPVERMÁL: 219,1 - 323,9 - 406,4 mm.

- $P_2 = 6$ bar abs. ———
- $P_2 = 10$ bar abs. -----
- $P_2 = 15$ bar abs. -·-




Δp GUFA:

LEIÐSLULENGD: 30 km.

Mynd: 8

PÍPUPVERMÁL : 609,6 - 812,8 - 1016,0mm.





Δp VATN

LEIÐSLULENGD 5 km.

PÍPUPVERMÁL • 219,1 - • 323,9 - • 406,4
• 609,6 - • 812,8 - • 1016,0

Mynd: 9



VARMATAP

Álagsstudiar: Hitastig inni í pípu 100°C - 1,00

" " " 200°C - 1,16

" " " 250°C - 1,26

Umreikningur í þéttivatnsmyndun [kg/s pr.100°C pr.km]

Hitastig inni í pípu 100°C - Q/2257

" " " 150°C - Q/2114

" " " 200°C - Q/1941

" " " 250°C Q/1715

PÍPULÖGN - EFNI

Mynd : II

P_E [kr/m]

1800

1600

1400

1200

1000

800

600

400

200


200 300 400 500 600 700 800 900 1000

d [mm]

Álagsstúðlar:


DIN	Prýstíprep :	16	25	40
ø 200	1,0	1,0	1,0	
ø 300	1,0	1,0	1,25	
ø 400	1,0	1,10	1,60	
ø 600	1,0	1,25	1,75	
ø 800	1,0	1,30	1,85	
ø 1000	1,0	1,40	2,00	

UNDIRSTÖÐUR GUFULAGNAR
EFNI

 U_E [kr/m]

Álagsstúðlar :	DIN	Prýstíþrep :	16	25	40
		ø 200	1,0	1,0	1,0
		ø 300	1,0	1,0	1,1
		ø 400	1,0	1,05	1,2
		ø 600	1,0	1,1	1,3
		ø 800	1,0	1,15	1,4
		ø 1000	1,0	1,2	1,5


UNDIRSTÖÐUR VATNSLAGNAR
EFNI




Álagsstúðar : DIN Prýstíprep : 16 25 40

ø 200	1,0	1,0	1,0
ø 300	1,0	1,0	1,0
ø 400	1,0	1,0	1,05
ø 600	1,0	1,05	1,1
ø 800	1,0	1,1	1,15
ø 1000	1,0	1,15	1,2

EINANGRUN - EFNI



ÁLKLÆÐNING - EFNI




Álagsstúðlar : Litad ál - 1,14

$s = \text{einangrunarþykkt}$

PÍPULÖGN - VINNA

Mynd: 16


P_v [kr/mm]



Álagsstuðlar :	Sudvesturland / summarvinna	1,00
"	/ vetrarvinna	1,20
Nordurland	/ summarvinna	1,15
"	/ vetrarvinna	1,45

DIN	Prýstíprep :	16	25	40
	#200	1,0	1,0	1,0
	#300	1,0	1,0	1,025
	#400	1,0	1,025	1,05
	#600 - #1000	1,0	1,05	1,20

UNDIRSTÖÐUR GUFULAGNAR
VINNA


U_v [kr/mm]

Álagsstudlar :	Sudvesturland / summarvinna	1,00	
	" / vetrarvinna	1,05	
Nordurland	/ summarvinna	1,03	107
" / vetrarvinna		1,10	

DIN	Prýstíprep :	16	25	40
	ø200	1,0	1,0	1,0
	ø300	1,0	1,0	1,025
	ø400	1,0	1,025	1,05
	ø600 - ø1000	1,0	1,05	1,20


UNDISTÖÐUR VATNSLAGNAR
VINNA

U_V [kr /mm]




Álagsstúðlar :	Sudvesturland / summarvinna	1,00
"	/ vetrarvinna	1,05
Nordurland	/ summarvinna	1,03
"	/ vetrarvinna	1,10

DIN	Prýstíprep :	16	25	40
	ø 200	1,0	1,0	1,0
	ø 300	1,0	1,0	1,0
	ø 400	1,0	1,0	1,02
	ø 600 - ø 1000	1,0	1,02	1,10

EINANGRUN - VINNA

Álagsstudlar :	Sudvesturland	/ sumarvinna	1,00
	"	/ vetrarvinna	1,20
	Nordurland	/ sumarvinna	1,15
	"	/ vetrarvinna	1,45


ÁLKLEÐNING - VINNA

Álagsstudlar :	Sudvesturland / sumarvinna	1,00
	" / vetrarvinna	1,10
Nordurland	/ sumarvinna	1,15
"	/ vetrarvinna	1,30

125

**STEYPTAR UNDIRSTÖÐUR OG FESTUR
JARÐVINNA OG VEGAGERÐ
EFNI OG VINNA**

Mynd : 21



Vegarslóði - 80 kr/m

Álagsstúflar : Suðurland / summarvinna 1,0

" / vetrarvinna 1,1

Norðurland / summarvinna 1,1

" / vetrarvinna 1,25

> 183

Góð jardvegsskilyrði 0,7

Meðal " 1,0

Slæm " 1,6


VIÐAUKI

F J A R V A R M A F L U T N I N G U R

KOSTNAÐARATHUGUN Á UNDIRSTÖÐUM OG
FESTUM FYRIR STÁLPÍPUR

PÍPUUNDIRSTÖDUR

ÁÆTLADUR KOSTNAÐUR
VERÐLAG Í MAI 1982



PÍPUÞVERMÁL m^2 EINANGRUN

FYRIR:	MARGFALDAST MED:
BESTU JARDVEGSSKILYRDI	0,7
MEDAL JARDVEGSSKILYRDI	1,0
SLÆM JARDVEGSSKILYRDI	1,6
SV.- LAND, SUMARVINNA	1,0
SV.- LAND, VETRARVINNA	1,1
N.- LAND, SUMARVINNA	1,1
N.- LAND, VETRARVINNA	1,25

FJAÐVARMAFLUTNINGUR

PÍPUUNDIRSTÖDUR

MANNAG

7477

TEIKNAD

PG

SAMP

RR

RAAS

820526

FJARHITUN hf

VERKFNAÐISTOFA
ÁLFAMÍTRI 9
105 REYKJAVÍK
SÍMI 02322




KVARNI

NR 773-01

FESTUR

ÁÆTLADUR KOSTNAÐUR
VERÐLAG Í MAÍ 1982



FYRIR:	MARGFALDAST MED
BESTU JARDVEGSSKILYRDI	0,7
MEÐAL JARDVEGSSKILYRDI	1,0
SLÆM JARDVEGSSKILYRDI	1,6
SV- LAND. SUMARVINNA	1,0
SV- LAND. VETRARVINNA	1,1
N- LAND. SUMARVINNA	1,1
N LAND. VETRARVINNA	1,25

FJARVARMAFLUTNINGUR
FESTUR

NARHAG TEIKRAO SAMB. BORG 820526

FJARHITUN hf
VERKFREÐISTOFA
ÁLFYAMÍÐI 9
105 REYKJAVÍK
SÍMI 82322



KVAPBI MR. 773-02

Reikniforsendur

Reiknaðar eru nauðsynlegar stærðir á pípuundirstöðum fyrir eftirfarandi tilfelli:

Pípuundirstaða, festa.

Pipustærð 300, 800 og 1200 mm.

Vatnslögn, gufulögn.

Sleði, rúlluundirstaða.

Góður jarðvegur (hraun), meðal jarðvegur (sandur).

(Alls $2 \times 3 \times 2 \times 2 \times 2 = 48$ gerðir).

Fyrir hverja gerð eru athuguð 3 álagstilfelli,


- 1) Mesta eiginþyngd,
jarðskjálfti $0,27 \times$ eiginþyngd þvert á pípu,
sleðaviðnám í pipustefnu,
($0,4 \times$ eiginþyngd fyrir sleða, $0,1 \times$ eb. fyrir rúllu).
- 2) Minnsta eiginþyngd,
vindálag þvert á pípu,
 $(cqA = 0,7 \text{ (formstuðull)} \times 1,4 \text{ kN/m}^2 \text{ (grunngildi, aðst. B)}$
 \times pípuþvermál $\times 10 \text{ m}$),
sleðaviðnám í pipustefnu.
- 3) Mesta eiginþyngd,
vindálag þvert á pípu,
sleðaviðnám í pipustefnu.

Reiknað er með tvenns konar jarðvegsskilyrðum,

- 1) Hraun með skriðhorn 45° ,
þurr/vot/mettuð rúmþyngd $14/16/17 \text{ kN/m}^3$.
Grunnvatnsborð djúpt í jörð.
- 2) Sandur með skriðhorn 38° ,
þurr/vot/mettuð rúmþyngd $17/19/20 \text{ kN/m}^3$.
Grunnvatnsborð við botn undirstöðu.

Lögun undirstöðu/festu: Rétthyrndur kassi.

Hæðarafstaða:



Undirstöður:

$$a = 600$$

$$h = 600 (\phi 300, \phi 800)$$

$$h = 800 (\phi 1200)$$

Festur:

$$a = 300$$

$$h = 1000 (\phi 300)$$

$$h = 1500 (\phi 800, \phi 1200 \text{ rúlla})$$

$$h = 2000 (\phi 1200 \text{ sleði})$$

Kostnaðarforsendur

Í verði undirstöðu/festa er reiknað með eftirfarandi einingarverðum:

Steypa 1700 kr/m³

Mót 400 kr/m²

Járn 18 kr/kg.

Jarðvinna við bestu aðstæður er reiknuð samkvæmt reynslutölum úr Svartsengi sem 25% af verði undirstöðu + vegarlagning 65 kr/m.

Jarðvinna við slæmar aðstæður er áætluð með hliðsjón af hlutfallslegum jarðvinnukostnaði við aðveituæð Hitaveitu Akureyrar.

Kostnaður við meðalaðstæður er reiknaður út frá bestu aðstæðum í hlutfallinu 1,0/0,7.

(Athuga ber að stuðullinn 1,6 fyrir erfiðar aðstæður gefur samsvörum við aðstæður Hitaveitu Akureyrar fyrir meðalstórar pipur. Fyrir sömu aðstæður ætti stuðullinn hins vegar að vera hærri fyrir minni pipur, en lægri fyrir stærri pipur, t.d. 1,8 fyrir minnstu undirstöður, 1,4 fyrir stærstu festur).

Fæði og gisting reiknast 10% ofan á annan kostnað.

Margföldunarstuðlar fyrir staðsetningu/árstima

Á vinnulið komi eftirfarandi stuðlar:

SV-land, sumar	1,0
SV-land, vetur	1,2
N-land, sumar	1,15
N-land, vetur	1,45

Vinna er u.p.b. 50% af heildarverði.

Á heildarverð komi þá eftirfarandi stuðlar:

SV-land, sumar	1,0
SV-land, vetur $1 + 0,5 \times 0,2 =$	1,1
N-land, sumar $1 + 0,5 \times 0,15 =$	1,08 → 1,1
N-land, vetur $1 + 0,5 \times 0,45 =$	1,23 → 1,25